

Fundur 17.2.2025 Giordano Bruno,

Komið þið öll blessuð og sæl og vona ég að þið skynjið orkuna hér til að byrja með og takið vel á móti henni.

*Góða kvöldið.*

Já góða kvöldið, það er sem á mig kalli alheimskraftur og dagur þessi er mér ætíð sérstakur og sama hversu fjarri ég er staddur, þá er ég ævinlega jafn tengdur gömlu jörðinni.

Og það getur verið mis erfitt að tengja orkuna við ykkur, en ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna í hópi þeim sem sérhæfir sig í því að tengjast enn æðri verum og hjálpa okkar merkilegu og mikilvægu skjólstæðingum þannig.

Hef ég nálgast mitt verkefni frá mörgum hliðum og hef ég á minni ævigöngu frá því ég hvarf frá jörðinni, bæði farið í björgunarleiðangra og stundum dvalið þar sem ég hef gert gagn, eða myndað stillihópa eins og ég reyni að gera nú á minni framlífs jörð.

Og hjálpa þannig, og síðan ég gekk í gegnum fyrirgefninguna á minni fyrstu framlífs jörð, hef ég ævinlega stefnt upp á við, og ekki lengi sem ég hef þurft að staldra við í hinum neikvæðari tilfinningum.

En þær geta vaknað aftur þegar maður sér óréttlæti bitna á öðrum og maður finnur sig vanmáttugan til að hjálpa um stundarsakir.

En höfum við hér aðferðir til að fyrirgefa og róa okkur niður og þekkið þið margar þeirra aðferða eins og hugleiðslu og margt fleira.

Eins og fram hefur komið, þá byggi ég starf mitt á því sem ég uppgötvaði á gömlu jörðinni, en hef þó bætt við fjölmörgu nýju og hef haft meiri áhuga á því að hjálpa fólki persónulega, en að uppgötva náttúrufræðileg lögmál um gang himintunglanna eða lífið í alheiminum.

En áskoranirnar sem mæta mér og öðrum í þessu starfi eru margar og sum verkefni eru svo krefjandi að maður þarf að ná upp fullum kröftum og getur það tekið all langan tíma, en er ég þó sífellt að komast á hærra orkustig og tengjast þannig verum.

Ég talaði nýlega við dr. Helga Pjeturss á stjörnusambandsstöð og hann vill komast í sambandið, og vona ég að það takist.

Viljum við það segja, að á mörgum framlífs hnöttum og frumlífs hnöttum af ykkar tagi, hefur Jahve gert gagnsókn og er að sækja í sig veðrið og trúin á hann að eflast, en fylgir því oft og einatt minni áherslu á vísindi og ákveðin afturför, eins og þið þekkið í menningarefnum, í verstu tilfellunum þegar það gerist, eiga sér stað atburðir eins og þeir sem urðu þess valdandi að ég fékk ekki að njóta minnar náttúrulegu ævi til enda og fékk ekki að ljúka starfi mínu til fulls.

Og þurfti ég sérstaka áfallahjálp á mínum fyrsta framlífs hnetti til að losna við ákveðna angist sem fylgdi andláti mínu á ykkar jörð.

Já það er margs að minnast en vil ég þó gleðjast yfir því að hefur okkur tekist að bægja frá ykkar frumlífs hnetti ákveðnum hættum, en fylgist ég þó vel með neikvæðum spám sem gætu rætst og hafa hótanir komið frá Jahve og þeim, um að jarðskjálftar og eldgos gætu orðið tíðari og verri á ykkar landi, eins og annars staðar og biðjum við því ykkur að gefa því góðan gaum að búast ekki ætíð við því besta, þar sem og gæti þurft að breyta búsetu áætlunum fyrir ykkar land eins og önnur lönd, ef hamfarir í veðurfari verða þess valdandi að heit lönd verði verr fær um að hýsa fólk og þið gætuð þurft að flytja búsetu ykkar á þá staði þar sem minna er um náttúruhamfarir.

Veit ég það af reynslu minni af öðrum mannkynjum þar sem fréttir hafa borist frá þeim að atvik þessi koma gjarnan í bylgjum og þótt að sigur vinnist á helstefnunni um stundarsakir, eins og við

getum hrósað happi með ykkar hnött, þá er ekki hægt að hrósa sigri til lengdar og öflugur er Jahve og hægt að búast við því að stefni aftur á verri veg og þarf því að gera ráð fyrir hinu versta og er það skynsamlegt á allan hátt.

Hef ég einnig fréttir af því að bæði á frumlífs hnöttum og framlífs hnöttum hafa komið fram nýjir sýklar og farsóttir og sérlega ljótt dæmi er af borg nokkurri á framlífs hnetti sem var orðin hátækni vædd og þóttust þau hafa ráðið bug á öllum smitsjúkdómum, en kom þar fram nýr sýkill af völdum Jahves og felldi hann stóran hluta mannfjöldans sem hafði ekki mótstöðu, enda sérlega banvænn sýkill þar á ferðinni.

Og eru það mörg atriði sem geta hjálpað, eða orðið til tjóns, þegar kemur að því að hemja útbreiðslu og vinna gegn þessu.

Eru mörg lífstefnu teiknin sem fylgja nýjum forseta Bandaríkjanna, en er þó hægt að búast við bakslagi og mótaðgerðum Jahve og öðrum.

Giordano Bruno, talar til ykkar frá framlífs jörð.

*Já vertu velkominn, sæll.*

Já komið þið öll blessuð og sæl, og Helgi Pjeturss er mjög stoltur af ykkur og biður kærlega að heilsa og þakkar hann ykkur fyrir vel unnin störf.

*Takk fyrir það.*

Myndi ég gjarnan vilja að Ítalir landsmenn mínir myndu koma oftar í gegn á ykkar fundi og hafa þeir margir merkilegar frásagnir.

Er ég þakklátur ykkur fyrir ykkar stuðning við mig persónulega og finnst mér ævinlega gott að komast í sambandið.

Verið þið sæl og orkan er enn góð og vona ég að næsti njóti góðs af því.

Þakka ég fyrir mig, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir, vertu sæll.*